

Stjórnarfundur USVH

Mætt eru: Halldór, Sara, Sveinbjörg, Guðrún Gróa og Nína (rafrænt).

Fjallahlaup USVH

Framkvæmdastjóri fékk fyrirspurn frá þeim er skipuleggja Eld í Húnaþingi í ár hvort sambandið hefði áhuga á að endurvekja fjallahlaupið. Allir voru sammála um að það ætti ekki við þar sem Pósthlaupið verður sömu helgi og þykir henta betur að hvetja fólk til að taka þátt í því hlaupi. Mikinn undirbúning þarf fyrir fjallahlaupið með nauðsynlegri aðstoð björgunarsveitar. Kom sú hugmynd að nýta næsta árið til að undirbúa fjallahlaup sem haldið yrði t.d. í lok júní árið 2025.

Umsóknir í styrktarsjóð

Farið var yfir þær umsóknir sem bárust í styrktarsjóð vegna fyrri úthlutunar árið 2024. Voru það 6 einstaklingar sem sóttu um og umsóknirnar í heild 8. Þetta er óvenju mikill fjöldi og var ljóst að ekki nóg fjármagn væri til staðar í sjóðnum til að allir fengju jafn háan styrk og sótt var um. Byrjað var á að forgangsraða umsóknum sem þó reyndist ögn flókið. Því var ákveðið að framkvæmdastjóri myndi óska eftir nánari upplýsingum og er úthlutun frestað þar til þær liggja fyrir. Fundað verður aftur síðar til þess að klára úthlutanir.

Húni - sendingarkostnaður

Hingað til hefur USVH greitt fyrir sendingarkostnað Húna en þar sem sá kostnaður er orðinn ansi mikill voru allir sammála um að héðan í frá myndi kaupandi greiða sjálfur fyrir sendingarkostnað.

Annað

Sveinbjörg kom með þá hugmynd að endurvekja þríþraut á Eld í Húnaþingi og hefur nú þegar fengið styrk vegna þess. Allir tóku vel í þá hugmynd og verður farið betur yfir undirbúning þess á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið.